

Bréf frá Sig. Kristófer Péturssyni
til Jóns Pálssonar með ýmsum spurn-
ingum um ævialiði hans. Vafalaust
til notkunar við ritgerð þá sem Sig-
urður ritaði um þau hjónin í Óðinn.

2 bls. qto. vélritaðar. Dags. í Laugarnes-
spítala 18. jan. 1922.

Víðauki 6.

Laugarnesspitla. 18./1. Jan. 1922.

Kæri Jón Pálsson.

Alúðar þakkir fyrir síðast.

Eg bað sr. Ólaf Ólafsson að gefa njer fáeinar upplýsingar, en hann kvaðst vera svo önnum kafinn, að hann gæti það ekki, svo að eg verð þess vegna að biðja yör um eftir farandi "punkta":

Foreldrar og systkini.

Frá æskum árum (og hvar foreldrar yðar bjuggu og hve nær þjer fæddust. etc.)

Hjónaband (Fult nafn konunnar og foreldra hennar og hve nær þið giftust o.s.frv.)

Frá fyrstu söngnámsárum. (Erfiðleikarnir?)

Starfsemin í þjónustu sönglistarinnar.

Sem kirkjuorganleikari, kennari og hljóðfærasali, (Best að geta um "Firma" þau er þjer hafið skift við, og hitt og annað þem því við kemur, t.d. hljóðfæraval o.s.frv.)

Hvernig það atvikaðist að þjer rjeðust í að styrkja Pál Isólfsson og hvernig þjer hafið styrkt ýmsa aðna.

Í þjónustu bindindishreyfingarinnar.

Í þjónustu sjúkrasamlagsins (sögu þess).

Sönglagasafnið ~~er~~, sem þjer fenguð hjá gamla manninum. (Og eitt-hvað um hann).

Skrítlu~~sa~~safnið.

Hve nær þjer fluttust til Rvíkr.

Vandasömstörf. (Hve nær þjer skiftuð um störf, gerðust sjómaör, bókhaldari, bankafjehirðir, og ef til vill fleirs.)

Eg þykist vita að ef þjer segið mjer eins og er og afdráttar-
laust, þá finst yör eins og þjer sjeuð af semja eins konar sjálfs-
hól, af því að þjer berið af flestum öðrum. En eg vil leyfa mjer
að benda yör á það, að ef þjer meinið mjer að segja afdráttarlaust
frá æfistarfi yðar (það, sem af því er, því að vonandi eigið þjer eftir
að vinna mikið enn þá), þá breytið þjer gegn þeirri gullnu grundvall
arreglu, sem þjer hafið fylgt hingað til, en hún er sú að gera það,
sem þjer hafið getað til þess að hjálpa öðrum. Og þjer vitið ekki
hve mörgum þjer getið hjálpað með því að stuðla að því að æfi-
atriðin helstu komi fyrir almenningssjónir. Það getr farið svo að
margir ungir menn, sem eitthvað er í spunnið taki yör sjer til fyr-
irmyndar og þá auðgast þjóðin að göfugmennum og það er henni meira
virði en nokkuð aðnað. - Eg þori ekki annað en benda á þetta,
það heitir að slá varnaglann.

Þjer þurfið ekki að hugsa um að vanda orðfærið. Hjer mega vera
sundrlausar setningar. Og svo megið þjer bæta hjer við atriðum
alveg eins og yör sýnist.

Með kærri kveðju til yðar, konunnar yðar og "engilsins".

Yðar einlægr.

Sigfríður Pétursson